**Viðtakandi**: Borgarráð
**Sendandi**: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 23. nóvember 2026
MSS26110013

**UMSÖGN**

Efni: **Umsögn um fjárhagsáætlun Skíðasvæðanna á höfuðborgarsvæðinu**

Vísað er til bréfs Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), dags. 4. nóvember 2026, þar sem lögð var fram tillaga að fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2027, auk gjaldskrár fyrir komandi ár. Tillagan hefur þegar verið samþykkt af hálfu samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og er vísað til afgreiðslu aðildarsveitarfélaga.

Lagt er til að á árinu 2027 verði hækkun um 4% á rekstrarframlögum til skíðasvæðanna. Þá er lögð til hækkun á gjaldskrá skíðasvæðanna um 2,5%, hækkun launakostnaðar samkvæmt kjarasamningum eða um 3,5% og að annar rekstrarkostnaður verði jafnaður við aðrar hækkanir eða um 3,2%.

Samkvæmt greiðsluskiptingu milli sveitarfélaga vegna nefndra verkefna er gert ráð fyrir að heildarkostnaður Reykjavíkurborgar (55,6%) fyrir árið 2027 verði 189.231.736 kr. vegna rekstur. Að því viðbættu er áætlað að rekstrartengd fjárfesting verði 41.675.643 kr. eða samtals sem nemur 230.907.379 kr. sem gjaldfært er á menningar- og íþróttasviði.

Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemdir við framlagða fjárhagsáætlun skíðasvæðanna vegna ársins 2027.

Virðingarfyllst,

*Halldóra Káradóttir,*
*sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*

Reykjavík